

Mál nr. 95/2019**M og
V vegna landbúnaðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaskyldu búfjáreiganda vegna tjóns á bifreið 30.8.2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 5. mars 2019, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26. mars 2019.

Höfnunarbréf V til M, dags. 31. maí 2019.

Tölvupóstur V dags. 14. ágúst 2019.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna tjónsatviks kemur fram að tjón varð á bifreið M þegar hann ók henni á lamb á Sauðárkróksbraut. Þegar lögregla kom á vettvang logaði eldur í framhluta bifreiðarinnar, en það hafði kviknað í bifreiðinni í kjölfar ááksturs á lambið. Í lögregluskýrslu kemur fram að girt sé öðru megin við veginn sem M ók um.

M telur að eigandi lambsins beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hans. Í málskoti er vísað til þess að engin girðing sé öðru megin vegar og hinu megin liggi girðing niðri. M vísar einnig til þess að hann viti til þess að kvartanir hafi borist til lögreglu um lausagöngu búfjár á svæðinu.

V hefur hafnað bótaábyrgð og telur eiganda lambsins sem ekið var á ekki bera skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og vísar til þess að lausaganga búfjár sé ekki bönnuð á þeim stað sem tjónið varð og ekki sé sýnt fram á að eigandinn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til tjóns M.

Álit.

Málskot barst fyrst til nefndarinnar í mars sl. en vegna misskilnings um vátryggingarvernd var ekki endanlega ljóst hvaða vátrygging átti við málið fyrir en með tölvupósti V til nefndarinnar 14. ágúst sl. Það skýrir afgreiðslutíma nefndarinnar á málinu.

Af gögnum málsins er hins vegar ljóst að M ók bifreið sinni á lamb í eigu X og til þess að hann geti átt skaðabótakröfu á X vegna tjóns á bifreiðinni þurfa skilyrði skaðabótaréttarins um bótaábyrgð að vera uppfyllt. Ef þau skilyrði eru uppfyllt getur verið fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar þeirrar sem X er með hjá V. Í þessu felst að M þarf að sýna fram á að eigandi lambsins hafi ekki sinnt vörslum búfjárins með fullnægjandi hætti. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um að lausaganga búfjár sé bönnuð innan sveitarfélagsins með sérstakri samþykkt, ekki er heldur girt beggja vegna vegar þannig að slíkt bann sé fyrir hendi skv. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007. Verður að líta svo á að þar sem lausaganga búfjár var heimil á vettvangi verði það ekki metið eiganda þess til sakar að búfé gangi laust við akbraut. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að önnur atvik eða aðstæður hafi verið uppi í málinu sem leggi skaðabótaábyrgð á eiganda lambsins. M á því ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr landbúnaðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.